

**Gögn um Kötlugosið 1918:
Ljósmyndir Kjartans Guðmundssonar úr ferðum á
Mýrdalsjökul í júní og september 1919**

Magnús T. Guðmundsson
Þórdís Högnadóttir

Raunvísindastofnun Háskólans
maí 2001
RH-08-2001

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Ferðir að Kötlu 1919	3
Myndir Kjartans Guðmundssonar	6
Hagnýting myndanna	10
Þakkarorð	11
Heimildir	11

Myndalisti:

1. mynd. Kort af Mýrdalsjökli	4
2. mynd. Kort af Kötlusvæðinu	7
3. mynd. Ljós. K.G. 23. júní 1919	12
4. mynd. Ljós. K.G. 23. júní 1919	12
5. mynd. Ljós. K.G. 23. júní 1919	13
6. mynd. Ljós. K.G. 23. júní 1919	13
7. mynd. Ljós. K.G. 23. júní 1919	14
8. mynd. Ljós. K.G. 23. júní 1919	14
9. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	15
10. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	15
11. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	16
12. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	16
13. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	17
14. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	17
15. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	18
16. mynd. Ljós. K.G. 12. september 1919	18
17. mynd. Mynd tekin 1. september 2000 á svipuðum stað og 3. mynd	19
18. mynd. Samanburður 3. og 17. myndar	19

1. Inngangur

Kötlugos hafa orðið að jafnaði tvisvar á öld á sögulegum tíma (Guðrún Larsen, 2000) og Kötlugosið 1918 er að öllum líkindum stærsta eldgos í jökli á 20. öldinni. Jökulhlaupið því samfara var stórkostlegt og olli töluverðum breytingum, bæði hækkaði Mýrdalssandur og ströndin færðist út á stórum kafla. Kötlugos af svipaðri stærð og varð 1918 myndi hafa stórfelld áhrif á samgöngur á landi og í lofti og öskufall gæti valdið miklum skaða í stærstu landbúnaðarhéraðum landsins. Það telst því bæði vísindalega áhugavert og hagnýtt að afla sem fyllstra upplýsinga um Kötlugosið 1918. Engir jarðvísindamenn voru starfandi á Íslandi þegar gosið varð. Menn úr nágrannabyggðum, einkum Mýrdalnum, gerðu þó hvað þeir gátu til að afla upplýsinga og birta þær (Gísli Sveinsson, 1919; Guðgeir Jóhannsson, 1919; Páll Sveinsson, 1919, 1992).


Meðal þeirra sem þátt tóku í athugunum á gosinu og afleiðingum þess var Kjartan Guðmundsson (1885-1950) frá Hörgsholti, ljósmyndari í Vík. Eru myndir hans einhver merkasta heimildin um hvernig umhorfs var á Mýrdalssandi eftir hlaupið auk þess sem hann tók margar myndir af gosmekkinum. En Kjartan tók einnig þátt í tveimur ferðum á Mýrdalsjökul, í júní og september 1919. Eru myndir hans, auk skrifaðra lýsinga af ferðinni í júní (Gísli Sveinsson, 1919) og þriðju ferðinni sem farin var úr Skaftártungu 2. september (Páll Sveinsson, 1919; 1992), einu heimildirnar um hvernig umhorfs var á jöklinum eftir gosið. Þessar heimildir hafa lítið verið nýttar fram að þessu til rannsókna á gosinu 1918. Sigurður Þórarinnsson birti þó tvær myndanna í Jökli 1959 (Sigurður Þórarinnsson, 1959).

Á síðustu árum hafa orðið til áreiðanleg kort af yfirborði jökulsins (Landmælingar Íslands, kort DMA, 1:50.000) auk þess sem unnar hafa verið mælingar á þykkt jökulsins og botn hans kortlagður (Helgi Björnsson og fl., 2000). Með hliðsjón af þessum gögnum má hugsanlega nota ljósmyndir Kjartans úr Kötluferðunum til að fá fram mynd af áhrifum gossins 1918 á Mýrdalsjökul. Sem fyrsta skref í slíkri athugun hafa þær myndir sem vitað er um úr þessum ferðum verið teknar saman, farin ferð á Mýrdalsjökul á gosslóðirnar og nýjar myndir teknar til samanburðar. Í þessari skýrslu er lýst þeim myndum sem komið hafa í leitirnar og tökustaðir staðsettir eftir því sem það er hægt.

Ferðir að Kötlu 1919

Ferð Mýrdælinga 23. júní

Ferðin var farin að tilhlutan yfirvalda en ríkissjóður bar kostnaðinn. Í ferðinni voru Jón Ólafsson kennari í Vík, Haraldur Einarsson í Kerlingardal, Magnús Jónsson í Vík og Kjartan



1. mynd. Myrdalsjökull. Gönguleið Myrdælinga 23. júní 1919 merkt með slitinni línu.

Guðmundsson ljósmyndari. Jón skrifaði skýrslu um ferðina sem birtist í bók Gísla Sveinssonar sýslumanns (1919) um gosið og afleiðingar þess. Gengu þeir félagar upp hjá Jökulhöfði og þaðan upp á Háubungu austanverða (1. og 2. mynd). Þaðan héldu þeir norður að Kötlujökli, þar sem hann fellur niður úr Kötluöskjunni. Á grundvelli athugana sem þeir gerðu segir Jón:

“Eftir mælingum sem við gerðum þarna, virtist okkur gígurinn mundi vera 1500-2000 m í norður frá hábungunni austast, og um 800-1000 m á breidd frá N-S, lengd austur og vestur var ekki unt að áætla, því að hallinn vestan að tók engum verulegum breytingum frá þeim stað, er jökullinn hefir sigið vestast að gosstaðunum” (Gísli Sveinsson, 1919, bls. 57). Jón segir enn fremur að augljóst sé að hlauprásin hafi legið undir jöklinum með rótum Háubungu að norðan og þar sé greinileg dæld í jökulinn. Enn fremur segir Jón:

“Til þess að skoða hlauprásina fórum við niður í hana að jökulgljúfrum, sem liggja austur eftir botni hennar. Eru þau þrengri og grynri næst gosstöðvunum, en dýpri og víðari er austar dregur nær skriðjökli þeim, sem gengur þar niður á Mýrdalssand. Eftir því sem við komumst næst, er hlauprásin austur að skriðjöklinum 6-7 km, á lengd og öll hulin jökli, að undanteknum dálitlum klettabeltum norðanmegin. Af niðurföllnum jökum var auðsætt, að vatn hafði haft framrás undir jökli þeim, sem nú er botn hlauprásarinnar” (Gísli Sveinsson, 1919, bls. 57-58). Skriðjökullinn er Kötlujökull. Þá er ljóst nú að klettabeltin sem Jón nefnir hafa í fæstum tilfellum verið fast berg, heldur gjóska. Mælingar sýna að á þessu svæði er nokkur hundruð metra þykkur ís og ljóst er af myndunum að fjarri fór því að allur jökullinn hafi bráðnað á þessum stað.

Ferð Skaftártungumanna 2. september

Þessi ferð var farin af Páli Sveinssyni menntaskólakennara, séra Sigurði Sigurðssyni og Jóni Pálssyni í Hrífunesi (Páll Sveinsson, 1919, 1992). Ferð hafði verið áætluð mestallt sumarið en lengst af sumars var svo mikið sandfok og ryk af öskufallinu að ekki varð úr ferð. Þegar loks var haldið í ferðina var farið á hestum inn að upptökum Leirár en gengið þaðan. Segir Páll öskulagið hafa verið um ½ m á þykkt þar neðarlega á jöklinum. Fóru þeir upp á Eystri Kötlu koll og fengu þar gott útsýni til gosstöðvanna og jökulsins. Þeir gengu niður af Kollinum til suðvestur og allt suður að gjá þeirri sem Jón Ólafsson nefnir í bók Gísla. Lýsir Páll djúpri gjá með sandi í botni og að vatn hafi runnið eftir henni. Héldu þeir síðan til suðausturs og niður eftir gjánni einhvern spöl áður en þeir urðu að leita upp úr henni og til norðurs yfir Kötlujökul og komu loks á slóð sína frá því um morguninn.

Ferð á Mýrdalsjökul 12. september

Ekki hafa fundist aðrar heimildir um ferð þessa en ein setning í grein Sigurðar Þórarinssonar (1959) auk mynda Kjartans sem merktar eru þessum degi og sýna greinilega efsta hluta gjáarinnar í hlauprásinni ofan til í Kötlujökli. Sumar myndanna eru teknar ofaní gjánni. Lýsingar Páls Sveinssonar á gjánni úr ferðinni 10 dögum áður eiga vel við myndirnar.

Myndir Kjartans Guðmundssonar

Myndasafn Kjartans Guðmundssonar er varðveitt í Byggðasafninu í Vestmannaeyjum. Myndirnar voru teknar á glerplötur og eru í safninu á annan tug þúsunda platna. Hefur myndasafnið ekki verið flokkað að fullu. Myndirnar sem teknar voru á Mýrdalsjökli 1919 hafa ekki komið í leitirnar þó enn sé von um að þær glerplötur finnist í safninu. Sigurður Þórarinsson (1959) greinir frá því að Kjartan hafa gefið Jarðfræði- og Landfræðideild Náttúrgripasafnsins myndir sínar af Kötlugosinu og birti Sigurður þrjár myndir þeirra með grein sinni. Þessar myndir hafa ekki fundist á Náttúrufræðistofnun.


Fimmtán pappírskopíur af myndum Kjartans úr þessum ferðum eru varðveittar í Byggðasafninu í Skógum. Kjartan gaf Gísli Sveinssyni sýslumanni þessar myndir á sínum tíma. Kópíurnar voru orðnar nokkuð upplitaðar þegar þær bárust safninu í Skógum. Myndirnar hafa verið skannaðar í 600 punkta upplausn og skerpa þeirra og myndgæði bætt í myndvinnsluforriti. Eigi að síður eru gæði myndanna mjög takmörkuð eins og þær birtast hér. Ef upprunalegu glerplötturnar koma í leitirnar má reikna með að hægt sé að gera skýrari myndir.

3. mynd (23. júní 1919)

Þessa mynd birti Sigurður Þórarinsson í Jökli 1959. Hún var tekin í ferðinni 23. júní og sýnir félagi Kjartans á leið niður brekkuna norðan í Háubungu. Fyrsti maður styður sig fram á broddstafinn en í baksýn sést Eystri Kötlukollur, milli 2. og 3. manns. Vestari Kötlukoll ber í jökulhæðirnar norðan hans. Það sýnir að myndin er tekin mjög ofarlega í brekkunni; samanburður við myndir frá 2000 bendir til að hún sé tekin efst í brekkunni, þar sem byrjar að halla norður af. Tökustaðurinn er því talinn vera í 1400 ± 20 m hæð yfir sjó en hann er merktur með tölunni 1 á kortunum á 1. og 2. mynd. Vetrarsnjór liggur yfir jöklinum víðast hvar. Sprungur sjást í brekkunni nálægt mönnunum, dökku rákirnar framan við þá eru gjóska úr gosinu sem kemur í ljós í sprungubörmum og ofaná henni er fremur þunnt snjólag. Framan við fyrsta mann skagar fram höfði í jöklinum, í nokkurri fjarlægð. Norðan við höfðann eru upptök Kötlujökuls. Þessi höfði er á kafi í jökli í dag og ljóst að jökullinn hefur lækkað mikið í sunnanverðu útfalli Kötlujökuls í gosinu. Yfir höfðann sér á sprungusvæði mikið með þéttum, stórum og svörtum gjóskuflekkjum. Þessi sprungukollur er sá sami og í dag myndar nyrðri hluta upptaka Kötlujökuls. Öskudyngjur sjást á stöku stað vestan þessa sprungkolls en að öðru leyti er ekki að sjá að mikið rask hafi orðið suðvestan Vestari Kötlukolls í gosinu. Sigurjón Rist (1967) taldi að gosstöðvarnar 1918 hefðu verið suðvestan undir Vestari Kötlukolli, þar sem ketilsig mynduðust í júní 1955 (2. mynd). Þessi mynd Kjartans sýnir að túlkun Sigurjóns fær ekki staðist.

4. mynd (23. júní 1919)

Myndin birtist einnig í Jökli 1959. Hún er tekin dálítið austar og neðar en staðurinn sem merktur er nr. 2 á kortunum. Myndin sýnir upptök Kötlujökuls, til hægri á myndinni ber Eystri Kötlukoll við himin og sá vestari gægist ávalur og lágur yfir vesturhlutann af sprungukollinum með öskunni í. Í ferð á þessar slóðir 1. september 2000 var vegna sprungna



2. mynd. Gosstöðvar 1918 og umhverfi þeirra. Jökulyfirborð á við 1990 - 2000.

ekki hægt að komast neðar en á staðinn sem merktur er á kortunum. Hægt er að sjá á mynd Kjartans hvernig umhorfs var á þessum stað en erfitt er að meta hæðir og breytingar með samanburði við yngri myndir. Þó má af henni ráða að jökulyfirborðið í sunnanverðum upptökum Kötlujökuls hafi verið mun lægra en er í dag. Í forgrunni er sprunginn kollur, að miklu leyti grafinn í vetrarsnjóinn. Aska frá 1918 liggur ofan á gamla hjarninu.

5. mynd (23. júní 1919)

Þessi mynd er tekin til austurs, e.t.v. frá sama stað og 4. mynd. Horft er niður Kötlujökul og fyrir miðri mynd er niðurfall, e.t.v. yfir hlauprás eða hluti hlauprásar. Þetta niðurfall gæti hafa verið svipað þeim er urðu til í rás hlaupvatnsins út úr Grímsvötnum eftir Gjálpargosið í nóvember 1996.

6. mynd (23. júní 1919)

Myndin sýnir félag Kjartans í jökulbrekku, líklega norðan í Háubungu. Það mótar fyrir sprungu til vinstri á myndinni.

7. mynd (23. júní 1919)

Myndin er ekki skörp og ekki er ljóst hvar hún er tekin. Möguleikarnir eru þeir að i) horft sé upp til suðurs eða suðvesturs neðarlega í norðanverðri Háubungu, eða að ii) myndin sé tekin nærri botninum á dældinni með norðurrótum Háubungu og horft sé til norðvesturs. Ekki sést til gjósku en það gæti stafað af mikilli þykkt vetrarsnævarins, sem á þessum slóðum getur orðið um 10 metrar.

8. mynd (23. júní 1919)

Þessi mynd er líklega tekin norðan í Háubungu og vottar fyrir gjóskulaginu úr gosinu fremst á myndinni til hægri, undir snjólaginu þar sem snjóbrúin er fallin. Myndin gefur hugmynd um þykkt vetrarsnævarins (nokkrir metrar) en skala vantar. Líklegt er að þessi sprunga sé mynduð í umbrotunum haustið áður.

9. mynd (12. september 1919)

Þar sem engar lýsingar hafa fundist á septemberferð Kjartans á Mýrdalsjökul (12. september 1919) er aðeins hægt að leiða líkur að því hvar myndirnar eru teknar. Þó sést Eystri Kötlukskollur á einni mynd (14. mynd) auk þess sem hægt er að styðjast við lýsingar Páls Sveinssonar úr ferðinni 10 dögum fyrr. Hann lýsti gjá eða gili í jökulinn sem lá meðfram norðurhlíðum Háubungu og nái langt niður eftir Kötlujökli. Ennfremur að þeir Páll hafi gengið eftir botninum og þar hafi runnið vatn. Nokkuð ljóst virðist að myndin er af gjá þessari og að hún er tekin efst í Kötlujökli, líklega nokkru ofan (vestan) við þann stað þar sem 4. mynd var tekin 23. júní. Líklegast er horft í norður eða norðaustur en jöklinum hallar lítið eitt til hægri (austurs). Veggir gilsins eru svartir af gjósku en ofaná henni er allþykkt snjólag, fyrningar frá vetrinum 1918-1919. Í hægra neðra horni sést í botn gilsins þar sem lækur rennur eftir honum. Að öðru leyti er botninn að mestu þakinn snjó, líklega nýföllnum. Flestar myndirnar sem koma hér á eftir virðast teknar ofaní gilinu. Gil þetta er yfirborðsmyndun. Ísþykkt á þessum stað er miklu meiri en nemur lækkun yfirborðsins.

10. mynd (12. september 1919)

Myndin sýnir svipaðar slóðir og 9. mynd. Hún sýnir e.t.v. betur að nýfallinn snjór þekur víða hjarnið frá vetrinum áður og öskulagið.

11. mynd (12. september 1919)

11.-16. mynd eru varla teknar annarstaðar en ofan í gilinu sem sést á 9. og 10. mynd. Aðstæður koma heim og saman við lýsingu Páls Sveinssonar á aðstæðum 10 dögum áður; vatn rennur eftir botni gilsins, að því er virðist á sléttum eyrum. Samanburður við aðstæður í Gjálpi sumarið 1997 er lykill að því að skilja þessar myndir - aðstæður í ísgjálni sem þar myndaðist virðast svipaðar og í gjálni í Kötlu 1919. Á 11. mynd sést fjallshlíð og sléttar eyrar sem vatnslítil leysingará fellur eftir. Hér og þar sést í ís í hlíðinni sem sýnir að gilið er myndað í hjarn og ís. Gjóska kemur frá þykku lagi efst og hefur dreift úr sér og myndað skriður í hlíðum gilsins. Sléttur botninn með leysingavatni minnir á aðstæður í Gjálpi vorið 1997. Fullvíst er að undir eyrunum er ís, leysingarvatnið rennur þarna á yfirborði jökulsins - eins og gerðist í Gjálpi eftir gosið.

12. mynd (12. september 1919)

Þessi mynd er óljós en á henni sést nýsnævi þekja ísstykki með ösku efst.

13. mynd (12. september 1919)

Skyggni hefur ekki verið sem best en hér er líklega horft niður eftir gilinu. Gjóska er efst í brúnum og í hlíðum, en hún er að hluta þakin nýsnævi. Í forgrunni er íshröngl, stykki sem hafa sigið og snarast. Hliðstæðar myndanir sáust í Gjálpargjálni 1997 og við gíg Grímsvatna veturinn og vorið 1999.

14. mynd (12. september 1919)

Myndin er tekin ofarlega í gjálni/gilinu. Hægt er að festa tókustaðinn með sæmilegri nákvæmni því fyrir enda gilsins sést Eystri Kötlu kollur. Horft er í norðaustur og höfðinn sem markar hægri brún gilsins er líklega sá sami og sést á 3. mynd (frá 23. júní) og nefndur er í skýringum. Handan við þennan höfða beygir gilið til austurs. Miðað við ísþykkt nú þar sem höfðinn var 1919, er ekki útilokað að þarna sjáist í fast berg.

15. mynd (12. september 1919)

Í ísgilinu. Í bratta veggnum á móti sést að hlíðarnar eru úr ís. Gjóska situr á sillum.

16. mynd (12. september 1919)

Öskustykki. Ekki er hægt að átta sig á hvar myndin er tekin. Hún er höfð með hér þar sem myndin ber sömu dagsetningu og hinar.

Hagnýting myndanna

Ljóst er að töluverðar upplýsingar liggja í myndum Kjartans. Í september voru enn töluverðar snjófyrningar eftir í upptökum Kötlujökuls og myndirnar sem teknar voru þá gefa mikilvæga mynd af gjánni í jökulinn meðfram norðurjaðri Háubungu og niður á Kötlujökul. Má búast við að þarna sé komin sjálf Kötlugjá, að gjá af þessari gerð hafi oft myndast í Kötlugosum liðinna alda.

Engin myndanna sýnir gíginn sjálfan, eða þann stað þar sem leiðangursmenn telja að gígurinn hafi verið. Ekki er víst að hægt hafi verið að komast í návígi við hann vegna sprungna og því ekki hægt að mynda staðinn. Einnig getur verið að slík mynd eða myndir hafi mistekist eða að þær séu glataðar.

3. mynd gefur besta yfirsýn yfir gossvæðið og upptök Kötlujökuls. Á henni eru mörg kennileiti með þekktu hæð og staðsetningu. Þar eru t.d. Eystri Kötlukollur (1310 m y.s. skv. DMA korti LMÍ), hamar (hraunbrún) suðaustan í Eystri Kötlukolli (1047 m y.s. skv. DMA) og stóri sprungukollurinn í norðanverðum upptökum Kötlujökuls (um 1200 m y.s. skv. DMA). 17. mynd er tekin þann 1. september 2000, á stað merktum 1 á 1. og 2. mynd. Á myndinni sjást sömu kennileiti og á 3. mynd. Á 18. mynd hafa helstu útlínur af 3. mynd verið settar inn á 17. mynd. Þar kemur fram sú mikla breyting sem orðið hefur síðan 1919. Yfirborðið í upptökum Kötlujökuls hefur hækkað mikið. Sú hækkun var reyndar tiltölulega hröð því samanburður við kort Steinþórs Sigurðssonar frá 1943 sýnir að þá var breytingin þegar orðin (Jón Eyþórsson, 1945). Reyndar má gera ráð fyrir að svo hafi verið töluvert fyrr, því 1934, þegar Jón Eyþórsson gekk fyrst á Mýrdalsjökul sást hvergi missmíði á gosstöðvunum.

Engar beinar upplýsingar eru til um hæð Kötlusvæðisins (ákomusvæðis Kötlujökuls) fyrir gosið 1918. Þó má gera ráð fyrir að hæðin hafi verið svipuð þá og er nú. Þá ályktun má draga af stærð Kötlujökuls en litlar breytingar urðu á legu jökulsporðsins á 20. öld í samanburði við flesta aðra skriðjökla. Ef jökulsporður stendur í stað árum og áratugum saman þýðir það að hann er í jafnvægi. Hefði jökullinn á Kötlusvæðinu verið umtalsvert hærri í upphafi 20. aldar en hann er í dag, hefði jafnvægislína legið neðar á jöklinum, leysingasvæðið þurft að vera stærra en er í dag og jökulinn náð lengra fram. Á sama hátt, ef Kötlusvæðið hefði verið umtalsvert lægra en nú, hefði Kötlujökull átt að hafa verið minni en hann er í dag. Breytingar í jarðhita uppi á ákomusvæðinu geta skekkt þessa mynd en í meginatriðum ætti hún samt að gilda. Ljósmyndir Kjartans af þeim hluta jökulsins þar sem bráðnun í gosinu var lítil, t.d. við Kötlukolla, benda einnig til svipaðrar hæðar jökulsins þá og nú.

Með mælingum á afstöðu kennileita og nákvæmum samanburði mismunandi mynda má að öllum líkindum meta hæðarbreytingar á svæðinu við upptök Kötlujökuls og niður eftir honum. Þá má tengja slíkar mælingar við lýsingar úr ferðunum 1919 og meta stærð og dýpt sigdældar umhverfis gíginn. Þannig fengjust nokkrar skorður á rúmmáli íss sem bráðnaði í gosinu 1918. Þær tölur væru jafnframt gagnlegt innlegg í umræðu um eðli Kötluhlaupa.

Þakkarorð

Þórður Tómasson á Skógum lánaði góðfúslega myndir Byggðasafnsins svo hægt væri að skanna þær og nýta í þessa athugun. Vegagerð Ríkisins kostaði þessa athugun.

Heimildir

Gísli Sveinsson. 1919. Kötlugosið 1918 og afleiðingar þess. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík. 61 bls.

Guðgeir Jóhannsson. 1919. Kötlugosið 1918. Bókaverslun Ársæls Ársælssonar, Reykjavík. 72 bls.

Guðrún Larsen. 2000. Holocene eruptions within the Katla volcanic system, south Iceland. *Jökull*, 49, 1-28.

Helgi Björnsson, Finnur Pálsson og Magnús T. Guðmundsson. 2000. Surface and bedrock topography of Mýrdalsjökull: The Katla caldera, recent eruption sites and routes of jökulhlaups. *Jökull*, 49, 29-46.

Jón Eyþórsson. 1945. Um Kötlugjá og Mýrdalsjökul. *Náttúrufræðingurinn*, 15, 145-174. Landmælingar Íslands,

Páll Sveinsson. 1919. Kötluför 2. september 1919. *Morgunblaðið* 7(242), 3-4, (243), 2. og 1992. Sama grein, *Jökull*, 42, 89-93.

Sigurður Þórarinnsson. 1959. Um möguleika á því að segja fyrir um næsta Kötlugos. *Jökull*, 9, 6-18.



3. mynd (23. júní 1919)



4. mynd (23. júní 1919)



5. mynd (23. júní 1919)




6. mynd (23. júní 1919)



7. mynd (23. júní 1919)



8. mynd (23. júní 1919)




9. mynd (12. september 1919)



10. mynd (12. september 1919)



11. mynd (12. september 1919)



12. mynd (12. september 1919)



13. mynd (12. september 1919)



14. mynd (12. september 1919)



15. mynd (12. september 1919)



16. mynd (12. september 1919)



17. mynd (1. september 2000)



18. mynd (1. september 2000)